

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 141/962*  
*komudagur 11.12.2012*

Atvinnuveganefnd Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 10. desember 2012

**Umsögn Félags heilbrigðis- og umhverfisfulltrúa um frumvarp til laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, þskj. 320, 287. mál**

Félag heilbrigðis- og umhverfisfulltrúa vísar til tölvupósts umhverfisnefndar Alþingis dags. 26. nóvember 2012 þar sem óskað er eftir umsögn um frumvarp til laga um hollustuhætti og mengunarvarnir (loftgæði, færanleg starfsemi, umhverfismerki o.fl., EES-reglur)þskj. 320, 287. mál.

**Almenn umsögn**

Félag heilbrigðis- og umhverfisfulltrúa (FHU) hefur farið yfir frumvarpið og meðfylgjandi greinargerð og telur ástæðu til að gera við það nokkrar athugasemdir. FHU telur þær breytingar á lögum nr. 7/1998 sem lagðar eru til í frumvarpinu vera jákvæðar. Ákvæði um færanlega starfsemi eyða óvissu um aðgerðir og skýrir aðkomu heilbrigðisnefnda. Einnig er sett niður hlutverkaskipting Umhverfisstofnunar (UST) og heilbrigðisnefnda (HES) varðandi gerð viðbragðsáætlana sem taka til skammtímaráðstafanna og gerð aðgerðaráætlana varðandi loftgæði. Skv. frv. er gert ráð fyrir því að UST kaupi og reki loftgæðastjórnunarkerfi (Urban Air Quality System) og er það jákvætt en FHU telur mikilvægt að skilgreint verði hvaða aðkomu og aðgengi HES hafa að þessu kerfi. Nauðsynlegt er að HES geti bæði sótt gögn í kerfið og eins lagt til gögn inn í það. Nánari útfærslu má gefa í reglugerð. FHU gerir athugasemdir við þá niðurstöðu kostnaðarmats í greinargerð að kostnaðarauki sveitarfélaga vegna þessa frumvarps sé talinn óverulegur. Þegar er kostnaður sveitarfélaga af þessum mælingum umtalsverður og með auknum kröfum sem lagabreytingarnar hafa í för með sér fær FHU ekki annað séð en að kostnaður aukist. Gerð áætlanna krefst mannafla sem hefur kostnað í för með sér. Misjafnt er enn fremur hve langt á veg loftgæðamælingar eru komnar hjá sveitarfélögum í landinu og ljóst að einhver gætu þurft að leggja í kostnað til að uppfylla ákvæði laganna.

### **Athugasemdir við einstaka greinar frumvarpsins**

**5.gr. frv., liður b :** FHU telur að hér þurfi að skýra og skilgreina aðkomu og aðgengi heilbrigðisnefnda að loftgæðastjórnunarkerfi því sem UST á að kaupa og reka

Virðingarfyllst f.h. Félags heilbrigðis- og umhverfisfulltrúa,

Svava S. Steinarsdóttir, ritari